RNSA

Rannsóknarnefnd samgönguslysa

# STAÐA MÁLS

Málnr.: **M-03614/AIG-27**

Dags: **15. nóvember 2014**

Staður: **Reykjavíkurflugvöllur**

Lýsing: **Árekstrarhætta við brautarmót**

Staða máls: **Nóvember 2015: Í rannsókn**
**Nóvember 2016: Drög að lokaskýrslu hafa verið skrifuð**
**September 2017: Drög lögð fyrir nefndina**




Í brottflugi eftir snertilendingu á flugbraut 13, tók flugkennari TF-FGB eftir þyrlu sem kom eftir flugbraut 01, litlu lægra en TF-FGB og í hægu klifri. Til þess að forða árekstur sveigði flugkennarinn TF-FGB til hægri við brautarmót 13/24.

Á sama tíma sá flugmaður þyrlunnar OY-HIT flugvél koma á móti sér á braut 13. Beygði flugmaður þyrlu OY-HIT þá skyndilega og mjög ákveðið til vinstri og dýfði þyrlunni einnig ákveðið niður.

Skárust ferlar OY-HIT og TF-FGB, eða líklega nánast, skammt frá brautarmótum 13/01 með mjög lítilli fjarlægð á milli loftfarana. Í kjölfarið hélt TF-FGB áfram klifri sínu, en flugmaður þyrlu OY-HIT snéri henni við að fullu og fór OY-HIT í kjölfarið í loftið á flugbraut 19.

Rannsóknin beinist að talstöðvarsambandi á Reykjavíkurflugvelli.